

Tinna Gunnlaugsdóttir

Þjóðleikhússtjóri

Þjóðleikhúsið, þetta stóra svarta hús við Hverfisgötu var hluti af mínum bernskuheimi, eins og svo fjölmargra annarra barna, sem eiga það sameiginlegt að rekja sína fyrstu leikhúsreynslu til barnasýninga Þjóðleikhússins. Ég var fimm ára þegar ég sá Kardemommubæinn í fyrsta sinn og man enn hversu heilluð ég varð. Ræningjarnir, ljónið skelfilega og svo öll þessi syngjandi og dansandi börn... ég hvíslaði að stóru systur minni í hléinu; mig langar að verða barna-leikkona. Eins og fyrir töfra, breyttist þetta stóra svarta hús sem fram að því hafði í mínum huga aðeins haft bakdyr sem mamma hvarf innum þegar hún fór í vinnuna, breyttist í einu vetfangi í ævintýrahöll.

Seinna átti ég eftir að fá að kynnast þessu húsi betur. Ég fékk stundum að koma baksviðs og bíða eftir mömmu ef æfingu var alveg að ljúka, fara með henni inn á smink, eða upp á saumastofu, eða jafnvel inn á svið, ef hún átti einhverjum erindum ólokið. Ég man glöggt eftir þeirri tilfinningu að standa á sviðinu og horfa út í salinn. Þvílíkar óravíddir, þvílík stærð og svo allir þessir gangar og stigar og kompur með allskonar undarlegu dóti.

Seinna sótti ég balletttíma í húsinu og loks kom að því að ég fékk að stíga á svið, þegar tók þátt í helgigöngu í leikritinu "Andorra" ásamt nokkrum öðrum stúlkum úr ballettskólanum. Mér fannst það mikið ævintýri, þó hlutverkið fæli ekki annað í sér en að ganga þvert yfir sviðið með blómakrans á höfðinu. Þar kynntist ég því rafmagnaða andrúmslofti sem ríkir baksviðs meðan á sýningu stendur, eftirvæntingu og einbeitingu leikaranna sem bíða í myrkrinu eftir innkomu og þessari óræðu angan sem alltaf liggur í loftinu. Kannski verður hún til þegar ilmvatn áhorfenda, blandast lykt af sminki, reyk og ryki á sviðnu, kannski er hún miklu óræðari.

Það er sagt að þeir sem einu sinni ná að heillast, eigi erfitt með að segja skilið við leikhúsið og það hefur sannast á mér. Áratugum síðar stend ég enn í myrkrinu og bíð eftir því að augnablikið verði rafmagnað og enn finn ég þessa sömu angan í loftinu, þennan fyrirboða um ævintýrið sem er í þann veginn að hefjast.

Apríl, 2010

Sveinn Einarsson

F.v. Þjóðleikhússtjóri

Ég man mjög vel þennan dag. Þetta var einn fallegasti dagur sem ég man eftir. Sumardagurinn fyrsti 1950. Það var bjart og svalt og einstaklega miklar væntingar í loftinu. Um morguninn snaraðist Ragnar í Smára inn til foreldra minna með eintak af leikritinu Snæfriður Íslandssól, áritað af þeim báðum, honum og skáldinu. Ég steypti mér yfir bókina og gleypti hana í mig. Um kvöldið var svo sjálf hátíðin. Vegna óheyrilegs leikhúsáhuga hafði tekist að útvega mér miða uppi á efri svölum. Þegar til komið, reyndist þar tvíbókað. Ekki lét ég það á mig fá, enda átti ég svo sem ekki mikinn rétt á að fá að vera þarna fluga á vegg; ég settist í tröppurnar sem ég átti svo oft eftir að sitja í seinna, þegar okkur tókst að selja upp í rjáfur. Svo göntuðust seinna gárungar með að ég væri að læra til Þjóðleikhússtjóra. Ekki var það nú meðvitað markmið, en þó æxlaðist það svo að hér átti ég mörg bestu ár starfsævi minnar. Og lærðist að þykja afar vænt um þetta hús. Á þessum tímamótum sendi ég mínar bestu árnaðaróskir. Megi aldrei verða lát á þeim væntingum sem við gerum til leikhússins og megi þar alltaf vera tvíbókað, ef ekki í bókstaflegum skilningi, þá andlegum.

Apríl, 2010

Sigurjón Jóhannsson

Yfirleikmyndateiknari Þjóðleikhúss 1976 – 1988

Til að sjá er Þjóðleikhúsið stórbrotin hamraborg, bæði há og fögur og full með álfasögur, en ekki alveg árennileg inngöngu. "Gakk í björg og bú með oss," kvað álfamærin forðum, en nú tekur húsið undir með djúpri raust; "Villir hann, stillir hann."

Ungur heillaðist ég af hamrinum og naut að lokum þeirra forréttindi að ganga í hann og dvelja þar langdvölum við ástir og álfasögur, en forðaði mér um siðir, um það bil sem hamarinn var að ljúkast um mig og ég að verða að steini. Síðan þá hef ég ekki verið samur maður og sætt hverju lagi til að komast aftur inn og taka til við galdurinn sem þar er stundaður.

Í álfaborginni er hvorki tími né rúm, aðeins augnablik galdursins sem lýtur engum lögmálum, nema sínum eginu. Í tímaleysi bergsins fara fram skeggræður í gegnum tíðina, bæði við lífs og liðna. Galdurinn er ekki alveg hættulaus, en til þess að hann takist, má hvorki tapa ró né einbeitingu, né láta fipast, svo ekki fari illa eins og fyrir Lofti forðum.

Blekingarvefur galdursins gerir að lokum allt annað merkingarlaust. Heimurinn utan hamarsins hættir að vera til. Mannheimar með öllu horfnir eins og í höll Dofrans, þegar Pétur Gautur gekk þar inn, en gugnaði að lokun á að láta blinda sig.

Hamraborgin er ekki einungis álfahöll sem geymir ástir og álfasögur, heldur einig höll Dofrans og hirðar hans, þar sem sú grænklaedda fagnar komumönnum og lofar gulli og gersemum, ásamt hálfu konungsríkinu eða öllu, ef vel gengur. En lykilorðið er alltaf það sama að Þekja muninn á þursa og manni.

Apríl, 2010

Þórarinn Eldjárn

Rithöfundur

Árið 1964 þegar ég var á fimmtánda ári lékum við Ketill Larsen í Þjóðleikhúsinu tvo svarta vinnumenn á búgarði Kellerhjóanna í Alabama. Leikritið hét Kraftaverkið og fjallaði um æsku Helenar Keller. Með aðalhlutverk fóru Kristbjörg Kjeld og Gunnvör Braga Björnsdóttir en ekki við Ketill. Okkur gafst því góður tími til hollrar samveru og uppbyggilegra andlegra iðkana milli þess sem við skruppum á svið. Við sögðum sögur, skiptumst á kveðskap og kenndum hvor öðrum galtra. Af Katli lærði ég meðal annars frábært númer með tveimur undirskálum og fjórum bréfkúlum sem allar götur síðan hefur nýst mér vel við ýmis tækifæri, svo sem í barnaafmælum.

Löngu síðar lágu leiðir okkar Ketils saman á ný og bar þessi atvinnumennskuár okkar að sjálfsögðu á góma. Þar kom að vikið var að galdramálum og brá þá svo við að Ketill vildi meina að undirskálagaldur hans hefði nú verið svo sem ekki neitt miðað við númer sem ég hefði kennt honum og fólst í því að ég átti að hafa tekið af mér nefið og lagt það á borðið fyrir framan hann. Gallinn væri bara sá að nú hefði hann gleymt hvernig þetta var gert og bað mig blessaðan að sýna sér þetta nú aftur og hressa þannig upp á kunnáttuna. Ég varð að segja Katli að þetta hlyti að vera eitthvert misminni hans, þetta hefði ég aldrei getað. Hann kvaðst þá telja að ég sæi eftir að hafa innvígt hann í þetta trix vildi nú sitja einn að minni kunnáttu sem ekki væri drengilegt eftir allt sem hann hefði gert fyrir mig.

Apríl, 2010

Örn Árnason

Leikari

Ég hóf störf við þjóðleikhúsið haustið 1982 og var þar fyrst í hlutverki ræningja í Línu Langsokk. Að standa á sama sviði og helstu listamenn þjóðarinnar hafa gert er tilfinning sem erfitt er að lýsa: Að feta í fótspor Bessa Bjarna, Ævars Kvaran, Rúriks Haralds, Þóru Friðriks, Lárusar Pálsson og svona get ég haldið áfram að telja upp stórkanónur leiklistarinnar, að ég tali nú ekki um þá einstöku upplifun að hafa leikið með og á móti vel flestum þessu köllum og konum er eign sem er mér mikils virði. Þjóðleikhúsið hefur alltaf skipað stóran sess í mínu lífi og leiklistarlegu uppeldi mínu og það er með mikilli væntumþykju sem ég hugsa til þjóðleikhússins. Faðir minn Árni Tryggvason vann þarna alla sína starfsævi og má segja að ég hafi verið leikhúsrotta frá fyrstu tíð. Kannski kom það manni ekkert á óvart að maður skyldi gera leiklist að sýnu ævistarfi. Þjóðleikhúsið var ekki bara vinnustaður manns, það var stundum meira eins og heimili manns líka og svo skropp maður á hitt heimilið til að gista og var svo kominn aftur að morgni næsta dags að æfa og svo að sýna um kvöldið. Svona verður þetta áfram um svo lengi sem húsið stendur. Hús þrungið sögu og leiklist, magnað musteri...takk...Örn Árnason.

Apríl, 2010

Lára Stefánsdóttir

Dansari og danshöfundur

Draumakastalinn

Þjóðleikhúsið var draumakastalinn minn, þar sem barnslegu draumarnir rættust í ólíkri mynd í ævintýrlegum leikritum og dansverkum.

Um níu ára aldur steig ég mín fyrstu dansspor í Þjóðleikhúsinu, upp í ballettsalnum svokallaða.

Ballettsalurinn sem þá var svo stór og tilkomumikill, en í dag svo einkennilega lítill og látlaus. Enn í dag eru þar sömu speglarnir sem gerðu mann annað hvort stuttan og þybbinn eða langan og mjóan. Sannkallað Tívolí! Á mínum yngri árum hélt ég að þetta væri veruleikinn að breytast svona hratt frá degi til dags, en þá var spagillinn í huga lítillar" ballerínu" tákn sannleikans.

Það var ævintýri líkast að vera ballettnemandi í Þjóðleikhúsinu á þessum árum. Það að læra ballett í tengslum við lifandi leikhús er ómetanleg reynsla. Ógleymanlegar eru stundirnar þar sem við, litlar ballerínur, stálumst til að fara í efri ljósastúkuna til að kíkja niður á svið til að sjá leikarana eða dansarana, ljósadýrðina og alla flottu búningana. Þarna langaði okkur líka til að vera!

Draumurinn rættist fljótlega þegar barnaleikritið "Ferðin til tunglsins" var sett upp á stóra sviðinu. Að fá að hanga hátt upp í loftinu í belti og fljúga, að fá að sitja á stórum sviðsbirni, að fá að leika með "frægu" leikurunum, og svo framvegis. Þetta var ein stór hamingja. Ég, 9 ára gömul, var með Emilíu Jónsdóttur leikkonu í búningsherbergi og hlúði hún vel að mér. Ég gleymi ekki stóru nærbuxunum sem hún hengdi til þerris á ofninum eftir hverja sýningu. Er ekki svo að allt virðist stærra, séð með augum barnsins... ekki bara ballettsalurinn!

Eftir "Ferðina til tunglsins" tók hvert ævintýrið við af öðru.

Rauðu áhorfendasætin með leikhúsgrímum, myrkrið og ljósið á sviðinu, lyktin, rykið, tjöldin, allt fór þetta að verða órjúfanleg heild og stór hluti af lífi manns.

Þjóðleikhúsið á sér einhverja heillastjörnu sem vísar veginn. Mér líður vel í Þjóðleikhúsinu, hvort sem er á göngum, sviði eða í áhorfendasal. Í Þjóðleikhúsinu er gott fólk og góðir "andar" á sveimi!

Jóhann Sigurðarson

Leikari

Leikhús er griðarstaður andlegrar og tilfinningalegrar upplifunar. Í leikhúsi skiptir mestu máli að áhorfandinn upplifi hvernig fólkinu líður sem hann fylgist með á sviðinu. Því margbrotnari sem persónunar og verkið eru sem birtast honum, því meiri líkur eru á því að verkið nái til stærri hóps því þá geta fleiri speglað sig í verkinu. Því mannskepnan er flókið fyrirbæri. En fyrst og síðast verður leikhúsið að vera skemmtilegt, og hlutirnir settir fram af alúð og listfengi. Þetta tvennt fer vel saman ef rétt er á málum haldið.

Skrifað árið 2000

Þór H. Tulinius

Leikari

Eitt sinn þegar við vorum að leika afmælisupsetninguna á Sjálfstæðu Fólki eftir H.K. Laxness í leikgerð Kjartans Ragnarssonar og Margrétar Guðmundsdóttir, í upsetningu Kjartans varð mér dulítið á í textaflutningi. Það var í hinni svokölluðu "Hreindýrasenu", sem var í rauninni nútímadans hannaður af Láru Stefánsdóttur, sem túlkaði hin hádramatísku átök milli Bjarts og hreindýratarfsins í blindbyl uppá heiði. Senan byrjaði á því að við fjórmenningarnir sem vorum þess aðnjótandi að túlka hreindýrin (Magnús Ragnarsson, Stefán Jónsson, Bergur Þór Ingólfsson og undirritaður) fluttum hvert sitt erindi úr ljóði Laxness: Þar sem háfjöllin heilög rísa. Ég fór með þriðja erindið sem hljóðar svo:

*Þar sem Urðhæð og Einbúi vaka
og Eldborgin hvíta rís
og fornir fjallgalar kvaka,
þar finn ég þig loks mín dís!*

Ég var svo ólánssamur þetta kvöld (þegar einmitt var verið að taka sýninguna uppá myndbandsspólu í heimildaskyni) að byrja erindið svona: "Þar sem Einbúi og Urðhæð búa...."

Ég áttaði mig þá strax á því að ég væri eitthvað að fara vitlaust með og í slæmri klípu því þetta var jú bundið mál, og ekki nóg að bjarga sér fyrir horn með því að koma merkingunni til skila heldur þurfti það líka að standa í hljóðstöfunum. Þó hver mín taug væri þanin útaf þessum ógöngum sem ég hafði ratað í, fann ég þó að félagar mínir, hinir hreindýrstarfarnir, sperrtu eyrun af illkvittislegri eftirvæntingu. Ég varð að klára þetta:

*Þar sem Einbúi og Urðhæð búa
og Eldborgin hvíta rís
og fornir fjallgalar... fljúga (úffff!!)
þar finn ég þig loks mín dís!*

Mér fannst ég sleppa sæmilega með skrekkinn, og sameinaðist glaður hreindýrshjörðinni, sem hristist af innibyrðu klukki. Ég vona þó að Nóbelskáldið fyrirgefi mér, hafi hann heyrt til mín, að ég skyldi gera hann sekan um glæpsamlega ofstuðlun!

Skrifað árið 2000

Hjálmar H. Ragnarsson

Tónskáld

Þrettánda krossferðin eftir Odd Björnsson. Tónlist: Hjálmar H. Ragnarsson.

Toda mi vida

/Það er nótt. Mótar fyrir hálfhrundum veggjum og rústum, eins og Dimmuborgir. – þau koma göngulúin: stúlkan, aðframtomin ---- ANDRÉS sest með hana, hálfhruninn veggur skýlir þeim, hann sönglar: sofðu Lilja, sofðu, ... STEFÁN (horfir á þau): --- hún er dáin. Andrés (þrýstir stúlkunni að sér --- sönglar): ...við skulum ekki hafa hátt því heiðin er dimm – á morgun verður sól og sunnanátt – og sætur ilmur í lofti..... Stefán lyftir byssunni: ... far vel vinur --- minn betri maður --- og dreymi ykkur vel – Hann skýtur – Andrés og stúlkan hníga útaf í máttvana faðmlagi.... (Morgunroði breiðist hægt yfir -) útvið sjóndeildarhring ríður Riddarinn --- undursamleg rödd hljómar "af hæðum" (barnsrödd).. Stefán heldur göngunni áfram undir bjartri tilbeiðslu raddarinnar./

Það eru augnablik í leikhúsinu sem aldrei hverfa manni, gróa í dýpstu vitund, og maður þekkir aftur: kunnuglegt skráf, handsveifla, svipbrigði, tónhending, – mörgum árum seinna, – kalla fram senuna alla og sársaukinn (– eða gleðin) verður með manni á ný eins og enginn tími hafi liðið. Orðin eru horfin, týnd, en hljómurinn af byssuhvellingum: hann ómar enn, og enn... Miserere, miserere ...og barnsröddin vex út úr söngnum, ljósinn dofna hægt, riddarinn sést ríða við "sjóndeildarhring," – tjaldið.

Krossferðin hans Odds Björnssonar er smíðuð úr orðum, orðum sem fest eru á blað í áþreifanlegu handriti, – pappír. Núna, þessum árum seinna, eru engin orð, aðeins hljómur: flæðandi tónlist, án upphafs án endis: – stundum margradda, stundum einni röddu, – harðneskjuleg en samt hlý, – hröð og hæg, – veik og sterk, – mótífin kallast á, hendingarnar tengjast yfir tíma og rúm, vefurinn þéttist og það glitrar á litina, – og heildin hljómar samtímis og öll í einu.

Ég veit ekki hvort ég skil neitt í þessu verki. Kannski sumt, en þó aldrei eins. Kannski stundum, en þó aldrei alltaf. Það sleppur á milli fingranna eins og þang í sjó, – og þegar ég held ég viti, veit ég ekki neitt. Ég er í gjörningaþoku eins og þeir félagarnir Andrés, Seppi og Stefán, – þar sem ekkert er eins og það sýnist, þar sem tilvistin er skálduð og tíminn ekki til. Jú reyndar, – riddarinn, hann er í alvöru. Verst að hann fer í öndverða átt.

Skrifað árið 2000

Viðar Eggertsson

Leikstjóri og leikari

Stundin sem breytti lífi mínu

Ég man ekki til þess að það hafi alltaf verið sólskin í bernsku minni eins og flestir. Ég man varla eftir sólskini, en ég man rigningu, ég man rok, ég man kynngimagnað hraun og votan mosa og á haustin leyndust krækiber í berjalyngi og kóngulær á hlaupum. Þannig minnst ég bernsku minnar í Ytri-Njarðvíkum. Ég var sveimhuga og dreyminn gutti. Það var haust og ég orðinn ellefu ára og regnið þvoði rúðurnar í risibúðinni okkar í litlu þorpi sem kúrdi undir afgirtri heiði sem var full af framandi mönnum með vopn.

Stóriðburðir voru að gerast. Listamenn af öllum sortum að koma í heimsókn í þetta litla sjávarþorp. Hátíðarhöld vegna vígslu Stapa, nýja félagsheimilisins í þorpinu okkar. Þangað var boðið listamönnum úr borginni til að bregða töfrabirtu, sem var meiri og magnaðri en nokkurt sólskin, yfir líf okkar og það á hverjum degi í heila viku. Ég sat inni eldhúsi og nauðaði í mömmu að fá að verða partur af þessu öllu, að fá að gægjast inni ævintýraheiminn sem fylgdi þessu framandi listafólki og því sem það töfraði fram. En auðvitað hafði fátæk móðir mín ekki efni á að gefa mér fyrir aðgangseyri á alla dýrðina. Ég varð að velja og efst á óskalistanum var að sjá leiksýningu. Ég vildi sjá alvöru fullorðins leiksýningu. Stóru leikhúsin tvö úr Reykjavík sendu sýningar á vígsluhátíðina. LR ætlaði að sýna Ævintýri á gönguför og Þjóðleikhúsið tvo einþátunga eftir

Odd Björnsson og Samuel Beckett. Á þessum aldri sem ég var þá, hafði ég ekki hugmyndaflug í annað en að fylgja straumnum, svo ég ákvað að sjá Ævintýrið sem hafði verið leikið svo oft af LR við gífurlegar vinsældir. Samningaviðræðunum lauk við mömmu og ég hélt yfir mig glaður í miðasöluna til að kaupa miða. „Því miður – uppselt“ sagði konan í miðasölnunni við mig þegar ég bað um miða. Ég stóð andartak yfirkominn af harmi, en sjálfsbjargarviðleitnin varð tárunum yfirsterkari svo ég spurði hvort ekki ætti að vera önnur leiksýning. Jú, það var til nóg af miðum á hina sýninguna, einþáttungana frá Þjóðleikhúsinu. Ég hugsaði mig ekki um tvisvar og keypti miða á þá sýningu. Síðan hófst hin langa bið bernskunnar eftir að ævintýrastundin rynni upp. Svo gerðist það. Ég fór einn, því ekki hafði mér dottið í hug að maður þyrfti alltaf að fara með einhverjum öðrum í leikhús, það uppgvötvaði ég ekki fyrr en löngu seinna og hef samt aldrei tekið það mjög alvarlega, ekki fram á þennan dag.

Það voru ekki margir í salnum þegar hann myrkvaðist og töfrabirta leikhússins tók við. Ég grenjaði af hlátri yfir bollaleggingum tvíburanna í móðurkviði í Jóðlífi Odds í túlkun þeirra Baldvins Halldórssonar og Þorsteins Ö. Stephensen. Mér fannst það allra fyndnast að þeir skyldu vera að rífast um hvort til væri annað líf, þeir sem voru að bíða eftir því að fæðast. Kannski var það að ég var sjálfur tvíburi og fannst þetta í rauninni vera við tvíburasystkinin á sviðinu. Eftir hlé kom svo Síðasta segulband Krapps eftir Beckett. Einleikur fyrir einn leikara, segulband og banana. Árni Tryggvason var einn á sviðinu og hlustaði af og til á rödd sína frá fyrri tíð af segulbandi milli þess sem hann nartaði í banana. Ég varð bergnuminn. Tilvistarspurningar þessa kvölds og hin þrívíða list leikhússins snerti hverja taug og hverja tilfinningu sem bærðist í mínum litla skrokki. Ég var ekki lengur þessa heims heldur í margræðum heimi sem var allt í senn: inni þessum og um leið utan hans. Í minningunni finnast mér ég ekki hafa setið í sætinu, ég var inni á sviðinu án líkama með Árna. Ég varð fyrir vitrun sem hefur ekkert með Guð að gera. Því Guð var ekki þarna.

Ég þurfti ekki einu sinni að taka ákvörðun um hvernig ég myndi vilja verja lífi mínu. Upp frá þessum degi var ég leikhúsmaður. Annað kom aldrei til greina. Aldrei.

Skrifað árið 2000

Hávar Sigurjónsson

Leikstjóri og leikskáld

Í byrjun desember árið 1990 las ég bókina Ég heiti Ísbjörg, ég er ljón eftir Vigdís Grímsdóttur. Mér hafði verið falið að taka viðtal við Vigdís fyrir Morgunblaðið í tilefni nýútkominnar ljóðabókar hennar, Minningabók, en Ísbjörg hafði komið út ári fyrr. Þetta var ein af jólabókunum sem ég hafði ekki enn komist yfir að lesa en mér þótti ófært að mæta í viðtal til skáldkonunnar án þess að hafa lesið hennar nýjustu og mest umtöluðu skáldsögu.

Lestur bókarinnar kveikti slíkt bál í brjósti mér að ég var vart kominn úr yfirhöfninni í forstofu Vigdísar þegar ég ruddi út úr mér að ég vildi gera leikrit úr skáldsögunni. Hún tók því vel en sagðist sjálf ekki hafa tíma eða áhuga á að taka þátt í því, hún væri í allt öðru og vildi ekki fara til baka í höfundarverki sínu. Ég yrði að sjá um þetta. Ákafi minn var slíkur að ég skildi ekki fyrr en löngu seinna hvilíkt traust hún sýndi mér með þessu. Við þekktumst ekkert en þó var eins og við hefðum þekkt í mörg ár. Þannig er Vigdís.

Næsta skref var að tilkynna Stefáni Baldurssyni að ég væri með leikgerð í smíðum að þessari merku skáldsögu – sem voru auðvitað stórkostlegar ýkjur því ég var ekki byrjaður – og hann tók því vel og bað mig að sýna sér eitthvað þegar hann væri tekinn við nýju starfi sínu sem þjóðleikhússtjóri, en hann tók við embættinu þá um áramótin. Ég lofaði að sýna honum fyrstu drög að handriti uppúr miðjum janúar og gaf sjálfum mér þannig tæpar sex vikur til að finna út hvernig ég ætlaði að koma þessari sögu í leikbúning. Allt hafðist þetta og þó endanlegt handrit yrði býsna ólíkt þeim fyrstu drögum sem Stefáni sá í janúar 1991 þá hélst grunnhugmyndin alltaf að Ísbjörg yrði leikin af tveimur leikkonum og þannig í raun tvær persónur. Allt annað var breytingum undirorpið og þáttur leikaranna var ómældur í þróun handritsins og sýningarinnar eftir að æfingar hófust í október 1991. Með mér í þetta verkefni hafði ég nýútskrifaðan leikmyndahönnuð, Elínu Eddu Árnadóttur, sem tók slíku ástfóstri við verkefnið að á stundum mátti ekki á milli sjá hvort okkar hélt því

nær hjarta sínu. Tónskáldið Lárus H. Grímsson vann tónlist og hljóðmynd verksins á þann hátt að ég sat alltaf agndofa í hvert sinn er ég kom á sýningar og hlýddi á.

Allt frá upphafi var um það talað að verkið yrði sýnt á Litla sviði Þjóðleikhússins í Íþróttahúsi Jóns Þorsteinssonar. Þegar komið var fram í október var ljóst að sýningin Kæra Yelena sem frumsýnd hafði verið á Litla sviðinu í september myndi ganga um ófyrirsjáanlega framtíð og því óvíst hvenær við kæmumst að með Ísbjörgu. Eftir miklar vangaveltur og umræður var ákveðið að taka gamla smíðaverksstæði Þjóðleikhússins undir sýninguna á Ísbjörgu og strax gekk maður undir manns hönd við að útbúa salinn og gera hann hæfan fyrir leiksýningu. Það merkilega var að þrátt fyrir að allar hugmyndir um útlit sýningarinnar hefðu miðast við Litla sviðið var ótrúlega lítil fyrirhöfn að laga þær að Smíðaverkstæðinu. Okkur Elínu Eddu þótti sem mörg af okkar helstu vandamálum hefðu leyst sjálfkrafa við umskiptin; vandamál með innkomur leikenda og hreyfingu þeirra baksviðs gengu skyndilega upp, enda gátum við nú ráðið því að mestu leyti hvernig rýmið yrði notað; hið nýja leiksvið Smíðaverkstæðið var bókstaflega sniðið utan um sýninguna.

Leikhópurinn sem stóð að sýningunni var einstaklega samhentur og í minningunni um þetta ár Ísbjargar, árið 1991, stendur hiklaust uppúr ósérhlífni leikaranna á erfiðum æfingum allt þetta haust. Heimsóknir fulltrúa Kvennaathvarfsins og Félagsþjónustunnar í Reykjavík eru einnig minnistæðar þar sem leikararnir spurðu þau spjörunum úr; ekkert var of persónulegt og nærgöngult til að ekki þyrfti að vita það, því allir voru sannfærðir um að efni þessa verks skipti máli og nauðsynlegt væri að leggja sig allan fram til að koma því sem best til skila.

Skrifað árið 2000

Sigurður Skúlason

Leikari

Nei, nei, ekki rugga bátnum!

„There is no excuse! There are no messages! I don't care, even if your mother just died! There are no messages!" Þannig voru móttökurnar sem ég fékk á fyrstu æfingu á einhverju besta leikriti sögunnar í einhverri eftirminnilegustu sýningu leikhússins hjá einhverjum makalausasta leikstjóra sem hægt er að ímynda sér.

Það var kaldur vetrarmorgunn, 30. desember '76, snjór og myrkur. Samlestur á Lé konungi á Kristalssal kl. 10. Ég hendist út rétt fyrir tíu, en elsku hjartans Skodadruslan strækar algerlega á að skila mér eitt eða neitt þennan morgun. Fjandinn sjálfur, klukkan að verða og ég svo skítblankur að ég tek sénsinn á að hringja niður í leikhús og tilkynna að mér seinki og tek strætó í stað leigubíls. Kem of seint upp á Kristalssal. Þvílíkur her manns mættur þar – fjöldinn allur af leikurum, aðstoðarfólki og hinum ýmsu aðstandendum sýningarinnar, já og margir aðrir. Bara fullt hús! „You are late!!“ heyrir þrumað yfir salinn og ég stend þarna í kastljósinu eins og lítið strá og segi mjórri röddu: „I'm sorry – didn't you get my message?“ Og þá glumdi svarið hér að framan, svar sem ég get enn heyrt enduróma í huga mér og jafnvel hér innan veggja þessa húss. Hvílikt og annað eins! Ég var eins stressaður og mér framast var unnt. Þurr í hálsinum, sveittur og með hjartslátt. Hvað á ég að gera? Hvernig á ég að vera? Hvert á ég að fara? Fálma eftir einhverju til að setjast á. Og sest. Og þar með byrjaði langt og strangt og óvenjulegt æfingatímabil hér í þessu leikhúsi. Æfingatímabil sem er það skritnasta, það erfiðasta, það eftirminnilegasta og um leið mest gefandi af öllum þeim æfingatímabilum sem ég hef gengið í gegnum alla mína daga.

Hringjarinn frá Austurlöndum

Hvers konar maður er þetta eiginlega, þessi Hovhannes I. Pilikian? Prófessor og leikstjóri í London. Fæddur og uppalinn í Libanon, en þangað höfðu forfeður hans flúið undan þjóðarmorði Tyrkja á Armeníufólki 1915. Hafði ekki starfað lengi þegar einhver gaf honum nafnbótina enfant terrible. Umdeildur og skritinn, fullur af eldmóði og krafti, afdráttarlausum og vægast sagt afar sérstökum hugmyndum, mjög persónulegri sýn á lífið og listina, já söguna alla, ef út í það er farið. Einpykkur, stóð fastur á sínu, ekki maður málamiðlana. Kannski mætti segja að í honum væri einhvers konar sambland af einæði og snilligáfu. Sló mann gersamlega

út af laginu. Hafi bátnum einhvern tíma verið ruggað í þessu (leikhús)lifi þá var það þá. Oft stóð allt á haus inni í manni. Maður neyddist til að taka til endurmats hvern þáttinn á eftir öðrum í lífinu, í listinni. Hvernig var maður eiginlega? Og afhverju var maður eins og maður var? Afhverju hafði maður þessar tilfinningar, þessi viðhorf? Og hvaða viðhorf voru þetta eiginlega? Hvaðan komu þau? Hvað?... Hvernig?... Hvers vegna? Alveg endalaust.

Man að nokkrum mánuðum áður en æfingar hófust kom leikstjórinn til landsins og talaði einslega við flesta ef ekki alla leikara hússins til að kynnast þeim og raða í rullur. Og spurði ýmissa grundvallarspurninga. Greinilega áleitinna og jafnvel nærgöngulla spurninga. Því hann vakti sterk viðbrögð. Sumir fóru hjá sér. Aðrir æddu um ganga fullir reiði og létu stór orð falla um sín fyrstu kynni við þennan mann. Flestir héldu þó ró sinni. Man eftir að hann spurði mig einfaldlega að því hverja ég teldi mína bestu kosti sem manneskja og sem leikari. Mikið lifandis skelfing þótti mér það erfið spurning. Og þykir reyndar enn. Minnir að frekar hafi verið fátt um greindarleg svör.

Á barmi taugaáfalls

Man eftir samkomu í Leikhúskjallaranum einhvern tíma að áliðnum janúarmánuði, síðdegis, til að fagna öðrum erlendum aðstandendum sýningarinnar nýkomnum til landsins. Fyrr þennan sama dag var æfing uppi á sal með fullkomlega nýstárlegum spunaæfingum, sem sprengdu viðtekna ramma. Æfingum fullum af líkamlegri snertingu. Sterk viðbrögð, allt á hreyfingu hið innra. Hvar liggja mörkin? Hver eða hvað er ég? Hvað er heilagt? Hvað er tabú? Og afhverju? „Ég er á barmi taugaáfalls“, sagði ég við þá sem stóðu í kringum mig þarna í kjallaranum, alveg pollrólegur á yfirborðinu, en undir niðri ólgaði þessi sannleikur og vakti þvílíka kátínu að ég gleymi því aldrei. Svona er lífið – maður segir sannleikann og fólk tekur bakföll af hlátri.

Pælingar

Tveir og hálfur mánuður í æfingar á þessu stórbrotna, magnaða og margkynjaða verki – að minnsta kosti heill mánuður í setur við borð uppi á sal. Langar setur þar sem farið var í gegnum verkið lið fyrir lið, atriði fyrir atriði, línu fyrir línu, já meira að segja orð fyrir orð og stundum staf fyrir staf! Pólitik, listir, heimspeki, trú. Fram og aftur um söguna. Hver er höfuðdrifkraftur sögunnar? Hver er höfuðdrifkrafturinn í samskiptum fólks? Hin kynferðislega söguskoðun svarar því! Það er kynhvötin. Kynhvötin, sem er mannsins sterkasta hvöt og stöðugt að verki beint og óbeint, hvort sem við viljum viðurkenna það eða ekki. Og þar verður Shakespeare sjálfur eitt af höfuðvitnunum – vitringurinn og klámkjafturinn „Villi Tilli“ – hvílik uppspretta! Uppspretta endalausra pælinga, alvöru pælinga um allt það sem skiptir máli. Mæðraveldi, feðraveldi. Hvað þýðir það að vera karlmaður? Kvenmaður? Manneskja? Vald og valdauppygging í þjóðfélaginu, valdatafl í samskiptum manna upp og niður virðingarstigann – allt fært í form og gefið lif á leiksviðinu. Orkan í lífinu, í samskiptum manna á milli – holdgerð á sviðinu. Kynhvötin alls staðar að verki. Meira að segja nýtt sem valdataeki í samskiptum fólks, í baráttunni, á leiðinni að settu marki, á leiðinni til valda og virðingar. Og þetta voru engan veginn orðin tóm. Listræn útfærsla verksins á öllum sviðum sérstæð og hnitmiðuð, þrungin krafti og meiningu. Það gerðist eitthvað, það kviknaði eitthvað, það myndaðist eitthvað í andrúmsloftinu á milli fólksins á sviðinu!

Áhrif og afleiðing

Frjó áhrif þessa tíma má lesa á spjöldum sögunnar – leikarar og aðstandendur sýningarinnar munduðu pennann og skrifuðu í leikskrá greinar og ljóð. Og á síðum dagblaðanna fór fram umræða og átök um sýninguna og áhrif hennar sem varði svo mánuðum skipti og hélt meira að segja lengi áfram eftir að sýningum lauk (raunar allt fram á þessa öld). Umræða sem virkjaði listamenn jafnt sem fræðimenn og óbreytta áhugamenn um listir og bókmenntir og sálfræði og samfélagsmál og fleira. Umræða sem náði líka út í samfélagið af síðum blaðanna. Það voru smíðuð ný orð á íslensku sem eru góð og gild í dag. Það var ráðist að ýmsum tabúum. Það voru unnin „helgisþjöll“ eins og þau að gagnrýna Shakespeareþýðingar Helga Hálfðanarsonar og véfengja snilld þeirra, og svo framvegis, og svo framvegis. Þessi tími var tindur, hátindur. Rykið sem þyrlandist upp á þessum vikum og mánuðum í íslensku leikhúsi og jafnvel víðar í samfélaginu er enn að setjast nú áratugum síðar.

Afhverju höfum við ekki fengið þennan mann aftur?

Við hvað eru leikhússtjórar vorir hræddir?

– Eða við?

Skrifað árið 2000

Brynja Benediktsdóttir

Leikstjóri

Smásaga úr leikferð

Árið 1988 var leiksýningu Þjóðleikhússins boðið á leiklistarhátíðina í Berlín, Berliner Festspiele, í annað sinn. Áður hafði Inúk sýningin þegið boð og leikið í Þýska leikhúsinu í Austur-Berlín, en nú hélt sýningin Hvar er Hamarinn eftir Njörð P. Njarðvík af stað austur fyrir múrinn. Hjálmar H. Ragnarsson hafði samið tónlistina, Sigurjón Jóhannsson leikmyndina en Brynja leikstýrt. Verkið byggist á Þrymskviðu, aldursforseti leikara var Erlingur Gíslason sem lék Þrym jötun en "unglingarnir" Örn Árnason, Randver Þorláksson og Lilja Þórisdóttir fóru með hlutverk Ása Þórs, Loka og Freyju. Kornungir hljóðfæraleikarar, sumir enn við nám, mynduðu sex manna hljómsveit í gervum ýmist ása eða jötna, hljóðfærin báru þau um sviðið og tóku þátt í leiknum, sem var eins konar gróteskur gleðileikur.

Hinir þýsku áhorfendur voru bæði spenntir og kvíðnir að sjá nú í fyrsta sinn eftir stríð leiklist sem byggðist á germanskri arfleifð, hana höfðu þeir forðast eftir hörmungar Hitlerstímans og aríadýrkun sem honum fylgdi.

Í blaðadómum birtist þetta samviskubit Þjóðverjans, svo sem í Berliner Zeitung þann 19. október 1988: "Já, sannarlega – andskotinn hafi það – djarfur leikur með ásaheiminn! Það virðist útilokað, að við hér á landi, þyrðum að fjalla um Niflungana á þennan hátt. Sem er okkur ekki endilega til málsbóta!..."

En sýningunni var geysivel tekið í Karl Max leikhúsinu þessa októberdaga og á eftir spunnust miklar umræður. Þýskum menningarfulltrúum og listamönnum var tíðrætt um það hver Þór væri og hvað væri hamarinn í okkar samtíð, – á bak við sveimuðu auðvitað Berlínarmúrinn, atómsprengjurnar og ögranir kalda stríðsins.

Örn Árnason sem lék Þór fór oft á kostum og sveiflaði umræddum hamri af miklum móð. Eitt sinn fannst honum að ekki væri nógu sniðugt að tala bara íslensku við áheyrendurna svo hann brá yfir á þýsku – og þar sem hann kunni ekki þýsku lét hann sér nægja eina setningu og hrópaði fullur af sárindum og gremju fram í salinn:

"- Vó ist mæn hammer?"

Örn sagðist vera haldinn mikilli kómmahræðslu kalda stríðsins og kvartaði sáran yfir ótta og kvíða þarna fyrir austan, þó var glæpaprósentan miklu lægri þar en fyrir vestan. Honum leið strax miklu betur í Amsterdam á heimleiðinni og var þó maður myrtur á hverri nóttu í götunni þar sem við bjuggum, – en í Amsterdam róaðist hann allur.

Örn og við hin fengum að upplifa það að sjá Austur-þýska herinn gráan fyrir járnum búa sig undir einhverja hátíðargönguna. Þegar við sátum seint um kvöld eftir sýningu á restaurant við Unter den Linden birtist skyndilega heill herflokkur þungvopnaður marserandi á æfingargöngu fyrir utan gluggana. Örn greip þá videoapparat og ummyndaðist strax í fréttamann á stríðstíma – eða masterspæ veraldarinnar sem fylgdist með þessum hernaðaraðgerðum þarna úti á stétt.

En Örn var ekki alveg áhrifalaus. Eftir að hafa veifað hamrinum þarna austantjalds og ekki aðeins öskrað „Vó ist mæn hammer?“ heldur fundið sinn „hammer“ fyrir rest þá var hann varla fyrr kominn heim frá Berlín en múrinn hrundi!

Skrifað árið 2000

Birgir Sigurðsson

Leikskáld

Lífsreynsla í Þjóðleikhúsinu

Þegar ég var átján eða nítján ára átti ég kunningja í Kópavogi. Hann var að byggja og ég hjálpaði honum stundum. Þetta var maður um þritugt og hafði menntast í Ameríku. Ég var byrjaður að fást við skriftir og við töluðum og rifumst um skáldskap og listir. Á þessum árum hafði ég engan áhuga á leikritum eða leikhúsi. En

snemma á sunnudagsmorgni drap þessi maður óforvarandis á dyr hjá mér og rétti mér bók: "Þetta er fyrir þig. Þú mátt eiga hana," sagði hann næstum snúðugur og var farinn áður en ég gat þakkað honum gjöfina.

Bókin nefndist "Nine Plays by Eugene O'Neill".

Ég stautaði mig fram úr þessum leikritum. Þau fylltu mig djúpum óróleika og settust síðan að í mér. En ég gat ekki rætt um þau við gefandann því það hafði slitnað upp úr kunningsskap okkar. Ég ræddi þau ekki við neinn. Það var líkt og ég þyrfti að eiga þessi leikrit sem leyndarmál. Og þau vöktu ekki með mér áhuga á því að sækja leikhús. Ég sá þó tvær eða þrjár sýningar um þetta leyti en þær hreyfðu ekki við mér.

En um það bil ári síðar, haustið 1957, fór ég í Þjóðleikhúsið og sá "Horft af brúnni" eftir Arthur Miller. Ég fór einn. Líkt og ég væri enn í sama leyndarmálinu og varð til þegar ég las leikrit Eugene O'Neill. Sýningin gagntók mig. Í fyrsta skipti á ævinni komst ég á vald þeirrar óskilgreinanlegu mögnunar sem stundum verður til í leikhúsi og máir burt skilin milli þess sem er og þess sem ekki er, umskapar okkur um sinn í sína eigin mynd sem er einnig mynd okkar sjálfra.

Þetta var mikil og óvænt lífsreynsla. Ég var í senn heillaður og skekinn. Jafnframt skildi ég að þessir tveir ólíku höfundar, Miller og O'Neill, voru hvor með sínum hætti að sinna sama erindinu: Að kalla fram harmrænan mikilfengleika mannlegs lífs, ógnina og fegurðina sem felst í því að vera til.

Eftir sýninguna sóttu einstök atriði hennar og list leikaranna mjög á mig. Róbert Arnfinnsson lék Eddie. Þegar fram í sótti og þjáning persónunnar jókst var sem augnaráð leikarans hætti að snúa út á við, það sneri inn og myrkvaðist. Ég skildi ekki hvernig hann fór að þessu. – Helgi Skúlason lék Marco: Á hápunkti sýningarinnar streymdi slík orka frá þessum grannvaxna leikara að hann varð sem ógnvænlegt afarmenni. Ég skil ekki enn hvernig hann fór að þessu. En alltaf þegar ég hugsa um mikla leiklist vakna þessir leikarar í þessum hlutverkum upp í huga mér. Og alltaf þegar ég hugsa um djúpstæða leikstjórn kemur leikstjóri þessarar sýningar mér í hug: Lárus Pálsson. Er þá ekki sagt að þarna hafi leiklistin í Þjóðleikhúsinu risið hæst. Þessi orð fela ekki í sér slíkt mat.

Ég sá "Horft af brúnni" þrisvar. Þegar ég kom heim af þriðju sýningunni orti ég prósaljóð. Það nefndist "Útsýn" og þar er líka brú svo ekki er um að villast hvaðan efniskjarninn er kominn. Þetta prósaljóð var það fyrsta sem birtist eftir mig á prenti (í tímaritinu Dagskrá, 2. árg. 1. hefti árið 1958).

Ekki löngu síðar ákvað ég að hætta að skrifa skáldskap. En tíu árum eftir að ég sá sýninguna góðu í Þjóðleikhúsinu byrjaði ég aftur að skrifa. Þá var ekki ýkja langt í að ég sneri mér að leikritun.

Ég hef stundum verið spurður: Hvenær ákvaðstu að verða leikskáld? Hvernig verður leikskáld til? Ég hef aldrei getað svarað þessu af neinu viti. En ef ég finn einhvern tíma viðunandi svör við slíkum spurningum, þá verður þetta tvennt; gjöf kunningja míns forðum og sýning Þjóðleikhússins á "Horft af brúnni", áreiðanlega mjög stór þáttur í þeim svörum.

Skrifað árið 2000

Guðrún Guðmundsdóttir

Í þjóðleikhúskórnum og fyrrum starfsmaður á skrifstofu Þjóðleikhússins

Þjóðleikhúskórinn á sínum fyrstu árum

Það þótti sýnt fljótlega eftir opnun Þjóðleikhússins að þörf yrði á kór við húsið ef framfylgja ætti lögum þess um að flytja að minnsta kosti eina óperu eða söngleik árlega.

Stofnun kórsins var á haustdögum 1953. Þá þegar var búið að sýna Rigoletto, Leðurblökuna og La Traviata. Í Rigoletto sungu félagar úr Fóstbræðrum, en í þeim tveim síðarnefndu söng kór Tónlistarafélagsins, sem þegar hafði flutt ýmis stór verk undir stjórn dr. Viktors Urbancic. Við stofnun Þjóðleikhússins var hann ráðinn sem tónlistarstjórnandi ópera og söngleikja sem fyrirhugað var að sýna á komandi árum. Sá doktorinn fljótlega nauðsyn þess að hafa öruggan leikhúskór sem tæki þátt í því ævintýri. Hann fékk blómenn úr Tónlistarafélagskórnum til að vera uppistaðan í hinum nýja Þjóðleikhúskór en þar var innanbúðar harðsnúið lið og músikalskt og margar skínandi raddir. Alls sóttu um þátttöku í hinum fyrirhugaða kór um 100 manns, en ráðnir 42 í byrjun.

Ég hafði aldrei sungið nema í rútubílum og í barnakór Frikirkjunnar einn eða tvo vetur meðan ég var í barnaskóla og því fannst mér heldur hlægilegt þegar dr. Urbancic hringdi í mig og spurði hvort ég vildi koma í söngprufu upp í Þjóðleikhús. Mér datt helst í hug að einhver væri að gera grín að mér, en hann sagðist hafa frétt að ég læsi nótur og hefði djúpa altrödd og það vantaði fleiri slíkar raddir í Þjóðleikhúskórinn. Þegar ég sannfærðist um að þetta væri ekki gabb ákvað ég að slá til og skokkaði upp í Þjóðleikhús um 5 leytið einn daginn og spurði eftir dr. Urbancic.

Mér var vísað upp í lítið herbergi á annarri hæð þar sem doktorinn beið eftir mér. Ekki var annað inni í þessu herbergi en lítið píanó og stóll fyrir hann að sitja á. Hann var mjög elskulegur og góðsemin skein út úr hverjum andlitsdrætti, þegar hann bað mig að syngja eitthvað fyrir sig. Ég var alveg voðalega taugaveikluð og sagðist ekki kunna neitt almennilegt. Hann sló nokkra tóna á hljóðfærið og bað mig að hafa þá eftir sem ég gerði. Þannig hélt hann áfram góða stund, lét mig endurtaka ýmis tónbil, niður skalann og upp skalann, þar til ég auðvitað sprakk og skammaðist ég mín alveg voðalega. Hann bara brosti og sagði að það væri allt í lagi og bað mig síðan að syngja Blátt lítið blóm eitt er. Mér leið alveg hræðilega og með skjálfta í hjám og þurrk í hálsi tókst mér að ljúka við lagið.

En ég var tekin í kórinn. Ég hef oft hugsað um það síðan, hvað það hefur verið erfitt fyrir þessa hálærða útlendu tónlistarmenn sem komnir voru úr hámenningu Mið-Evrópu en rekið hafði upp á hið kalda Ísland á árunum fyrir stíð að taka við, í flestum tilfellum, allsendis ólærðu fólki og kenna því erfið tónverk og hvílik vinna og þrautsegja hefur legið að baki. Það sem trúlega hefur bjargað því var hinn geypilegi áhugi söngfólksins, ásamt góðu tóneyra allflestira, sem lagði á sig langar og strangar æfingar svo vikum og jafnvel mánuðum skipti til að geta flutt sómasamlega hin ýmsu verk tónbókmenntanna. Og aldrei nokkurn tíma örlaði á því að doktorinn okkar væri pirraður eða óánægður með frammistöðu okkar.

Margir í Þjóðleikhúskórnum höfðu lært söng og verið í raddþjálfun hjá þeim fáu söngkennurum sem þá voru hér í bænum og þegar söngkennurum fjölgaði streymdu kórfélagar í söngtíma og er óhætt að segja að flestir eða allir voru lengur eða skemur hjá hinum ýmsu kennurum. Síðar meir með tilkomu söngskólanna varð menntun kórfélanna meiri og raddir þjálfaðri og við inntöku í Þjóðleikhúskórinn var ekki lengur prófað í litlu herbergi uppi á loft heldur var prófið haldið á sviði leikhússins og í staðinn fyrir að syngja "Blátt lítið blóm eitt er" var krafan orðin að syngja heilu ariurnar.

Úr röðum Þjóðleikhúskórsins hafa margir okkar bestu einsöngvara sprottið. Þar fengu þeir æfingu í sviðsframkomu sem nýttist þeim vel þegar á hólminn var komið, enda fengum við til landsins marga vel þekktu og færa leikstjóra og hljómsveitarstjóra sem unnu hér ötult starf og ruddu veginn fyrir innlenda stjórnendur sem síðar tóku við. En margþætt minning mín eftir 35 ára veru í Þjóðleikhúskórnum hefur verið mér ómetanleg.

Skrifað árið 2000

Klemenz Jónsson

Leikstjóri

Tveir Jónar í höndum Brynjólfs Jóhannessonar

Það er álit margra sem þekkja best til leikafreka Brynjólfs Jóhannessonar að list hans hafi risið einna hæst með túlkun hans á bóndanum á Rein í Íslandsklukkunni sem var ein þriggja sýninga sem Þjóðleikhúsið tók til sýningar vígsluárið 1950. Um æfingartímann á Íslandsklukkunni segir Brynjólfur meðal annars í endurminningum sínum: "Feginn varð ég þegar hýðingarsenan í upphafi leiksins var felld niður þar sem mér var gert að þola 24 vandarhögg. Það tóku margir ungir og áhugasamir menn þátt í þessari sýningu og gleymdu sér alveg í hita leiksins. Baldvin Halldórsson, sem lék böðulinn, hýddi mig svo kappsamlega að ég var blár og bólgin eftir hann. Hafði ég þó öflugan leðurhlíf á bakinu undir vöndinn".

Ég sem skrifa nú þessar línur lék einnig í þessari sýningu og var með Brynjólfi í mörgum atriðum. Ég átti þess kost að sjá hvernig hann mótaði þetta mikla hlutverk á æfingum, en þær stóðu yfir frá 17. nóvember 1949 til 22. apríl 1950, eða í röska fimm mánuði. Það var vissulega lærdómsríkt fyrir ungan leikara að taka

þátt í þessu verkefni. Höfundurinn Halldór Laxness ásamt Lárusi Pálssyni leikstjóra voru í raun og veru að skrifa leikverkið meiri hluta æfingatímans og þetta segir Brynjólfur í fyrrgreindum endurminningum: "Jón Hreggviðsson er eitthvert stærsta hlutverk sem ég hef farið með og varð einnig eitt hið vinsælasta. Ég hef verið svo lánsamur um dagana að flest mín bestu hlutverk hafa hlotið almenna hylli. Undirbúningur sýningarinnar stóð óvenjulega lengi yfir, en að öru leyti var vinnan við Íslandsklukkuna ekkert frábrugðin því sem gengur og gerist, maður smá fíkraði sig áfram meðan karlinn var að mótast. Hann kom smátt og smátt eins og af sjálfu sér".

Í fyrstu uppfærslum Þjóðleikhússins á Íslandsklukkunni lék Brynjólfur jafnan Jón Hreggviðsson og einnig lék hann annan Jón, eða þann í Gullna hliðinu, þegar það vinsæla leikrit var sett upp í Þjóðleikhúsinu árið 1951 og aftur 1954. Í leikför Þjóðleikhússins til Norðurlanda árið 1957 fór hann í síðast sinn með þetta hlutverk og hafði hann þá leikið þann karl 156 sinnum við mikinn fögnuð áhorfenda.

Brynjólfur varð aldrei fastráðinn leikari við Þjóðleikhúsið. Hann hélt áfram stöðu sinni hjá Útvegsbankanum þangað til hann fór á eftirlaun. Mig langar að nefna hér atburð sem skeði á leikferli Brynjólfs á leikárinu 1951 og sýnir atorku hans og fjölhæfni. Hann var þá í þremur leikritum í jafnmörgum leikhúsum í borginni og kom fyrir að allar sýningarinnar báru upp á sama kvöld. Sem betur fór voru þetta frekar lítil hlutverk og svo vel vildi til að þau voru öll á sitt hverjum tíma. Brynjólfur segir þannig frá þessum atburði: "Eftir að Þjóðleikhúsið tók til starfa var meira að gera og meiri asi á mönnum en nokkru sinni. Þetta vor lék ég á þremur stöðum samtímis á sama kvöldinu. Ég lék Beaudricourt höfuðsmann í fyrsta atriði Heilagar Jóhönnu í Þjóðleikhúsinu. Í lönó var þá verið að leika Önnu Pétursdóttur eftir Hans Wiers-Jensen og þar var ég fordrukkinn klerkur í öðrum þætti. Og þegar hann var afstaðinn þurfti ég að fara niður í Sjálfstæðishús og syngja gamanvísur í Bláu stjórnunni, Rónavísur Tómasar Guðmundssonar, sem vöktu mikla kátínu".

Einna best kynntist ég Brynjólfi gegnum stjórnarstörf í Félagi íslenskra leikara. Það atvikaðist þannig að við vorum báðir kosnir í stjórn félagsins árið 1957. Hann sem formaður og ég ritari. Þeirri stöðu gegndi hann næstu tíu árin. Ég sat í stjórn með honum öll þau ár og tók við formennsku af honum þegar hann gaf ekki lengur kost á sér. Öll þessi ár var Bessi Bjarnason með okkur í stjórninni sem gjaldkeri. Samstarf okkar var með afbrigðum gott og var þetta mjög samhent stjórn. Þegar Brynjólfur hætti í stjórninni tók Gísli Alfreðsson við ritarastarfinu. Þetta voru uppgangsar og mikil fjölgun í stéttinni. Þegar félagið tók til starfa árið 1941 voru félagar 41 en mun nú um 60 árum síðar munu þeir vera um fjögur hundruð að tölu.

Á formennskuárum Brynjólfs urðu miklar breytingar og aukning á öllum samningamálum leikara. Brynjólfur var á margan hátt mjög slyngur samningamaður og lagði sig allan fram til að vinna sem best fyrir stétt sína, félagsmönnum til framfara og heilla.

Á þeim árum þegar ég vann mest með Brynjólfi var ég starfsmaður Þjóðleikhússins og eftir að hann hætti í bankanum og fór á eftirlaun hafði hann meiri tíma til að sinna hugðarefnum sínum sem var leiklist og félagsmál og var hann sí starfandi. Vart leið sá rúmhelgur dagur að hann kæmi ekki upp á bókasafn leikhússins til að ræða við mig um félagsmál, hvað mætti betur fara í kjara- og samningamálum leikara, sjá um að bréfum væri svarað og allt væri í röð og reglu varðandi félagsmálin.

Verður Brynjólfur mér ógleymanlegur fyrir mannkosti sína og skemmtilegheit, því grunnt var ætíð á gamanseminni þegar frásagnargáfan komst á flug og minnst var hinna gömlu, góðu daga á bernskudögum íslenskrar leiklistar á leið sinni inn í nútíma atvinnumennsku.

Skrifað árið 2000

María Kristjánsdóttir

Leikstjóri

Ritskoðun í Þjóðleikhúsinu

Árið 1988 var frumsýnt í Þjóðleikhúsinu verk Guðmundar Steinssonar Garðveisla og var ég leikstjóri að þeirri sýningu. Daginn eftir að samlestrar hófust á verkinu gengu tveir leikarar úr sýningunni og á forsiðu Tímans mátti lesa að þeir hefðu horfið á brott vegna þess að verkið væri fullt af klámi og guðlasti. Á æfingatímanum

stóðu miklar deilur um þetta í blöðum og sjónvarpi. Þegar líða tók að frumsýningu þótti einhverjum í yfirstjórninni ráðlegt að kalla til hóp presta úr þjóðkirkjunni til að fá álit þeirra á sýningunni. Mættu þeir og fylltu nær tvo bekki á æfingu. Þar sem þjóðleikhússtjóri var erlendis tók á móti þeim fjármálastjóri hússins, Ívar H. Jónsson, og settist hann mikilúðlegur á milli prestanna og okkar aðstandendanna í salnum svosem einsog okkur til varnar. Að æfingu lokinni fór hann fram með hópnum en við biðum eftir blessun eða bannfæringu.

Loks kom Ívar aftur og tilkynnti okkur að ekki hefðu prestarnir fundið klám í verkinu. "En", sagði hann, "það er þetta með sundlauginna." – Í leikmynd Þórunnar Sigríðar Þorgrímsdóttur var fremst á sviðinu stór sundlaug með vatni en á stiga sem lá niður í hana var í lok sýningar leikkonan, Ragnheiður Elfa Arnardóttir, krossfest í líki svarts guð. – "Nú," hugsaði ég, "má guð ekki vera kona?" – "Jú", sagði Ívar, "það ganga gusur yfir áhorfendur á fyrsta bekk, við þyrftum að láta þá hafa hlífðarsvuntur úr plasti." Útvegaðar voru í snarhasti svuntur og vakti það alltaf mikla kátinu í salnum þegar áhorfendur klæddu sig í þær.

Þessi saga ætti að sýna að það eru ætíð margir höfundar að einni leiksýningu og að Þjóðleikhúsið var á undan íslensku kvennakirkjunni að kvenkenna guð!

Skrifað árið 2000

Benedikt Árnason

Leikstjóri og leikari

Gömul saga og ný

Einu sinni var ég ungur leikari, svona um það bil sem Þjóðleikhúsið var að taka sín fyrstu skref, og eina frostkalda vetrarnótt var ég að ræða við annan ungan leikara um leikhúsið og hvað væri vænlegast til árangurs vegna frama þess og þroska. Og vinur minn, ungi leikarinn, reyndar aðeins eldri í hettunni en ég, komst að þeirri niðurstöðu að leikhúsinu yrði best borgið með því "bara að drepa alla þessa gömlu".

Stór orð.

Mér varð svarafátt. Ég var nýkominn úr skóla þar sem hápunktur tilverunnar var að fylgjast með og drekka í sig snilli þeirra "gömlu", þar sem þeir iðkuðu sína list á fjölunum. Þegar ég svo kom fyrst inn í það leikhús, sem ég átti eftir að vinna við í áratugi, tóku einmitt þeir "gömlu" á móti mér fagnandi.

Átti nú að fara að losa sig við þá?

Þetta er auðvitað gömul saga og ný. Æskan reiknar ekki með því að eldast og virðist heldur ekki átta sig á að hún er til vegna hinna gömlu, þeirra sem ruddu brautina og gengu með neista vonar og hugsjónar alla sína daga.

Unga leikhúsfólk, arftakar Þjóðleikhússins, sem viljið veg leikhússins sem bestan, styðjið hvort annað og njótið stuðnings hinna gömlu. Þeir eru nefnilega ekki alltaf eins gamlir og útlitið gæti gefið til kynna, frekar en Þjóðleikhúsið sjálft á þessum tímamótum.

Með óskum um glæsta framtíð.

Skrifað árið 2000

Ragnheiður Steindórsdóttir

Leikari

Minningar úr starfinu

Siddý, "stóra" konan í Taktu lagið Lóa, er einhver skemmtilegasta persóna, sem ég hef fengið að gæða lífi á leiksviði. Mér krossbrá, þegar ég var beðin um að leika hana, baðst raunar undan því, en þegar til kom og ég fór að kynnast Siddý, runnum við saman áreynslulaust og úr varð hið fegursta ástarsamband. Líkamleg "stærð" konunnar, göngulag og líkamsburðir urðu til á æfingatímanum, ég óx með Siddý og hún með mér. Þórunn Sveinsdóttir búningahönnuður og hinar frábæru sauma-, förðunar- og hárgreiðsludeildir Þjóðleikhússins

kórónuðu svo sköpunarverkið og þegar ég "íklæddist" Siddý, um það bil viku fyrir frumsýningu og horfði í spegilinn, fannst mér ég hafa þekkt þessa konu allt mitt líf! Í hléinu á generalprufu kom föðurbróðir minn til þabba og spurði hálf vonsvikinn: "Er Heiða í svona litlu hlutverki, það er komið hlé og það er ekkert komið að henni? Hann hafði ekki þekkt hana frænku sína! Og í hléinu á frumsýningu sagði Guðrún Helgadóttir, sem þá sat í Þjóðleikhúsráði, við Stefán leikhússtjóra: "Mikið er þetta djarft hjá ykkur, að fá svona manneskju utan af götunni til að leika þetta hlutverk. Hvar funduð þið hana?" Þessi viðbrögð áhorfenda glöddu okkur Siddý ósegjanlega og við höfðum fulla ástæðu til að blikka hvor aðra í speglinum!

Minningar

Í leikhúsinu geta komið upp neyðartilvik þar sem bregðast þarf skjótt við til að bjarga málum. Ég var að leika Húsamúsina í Dýrunum í Hálsaskógi, og það var fullt hús. Tíu mínútum fyrir eina sýninguna verður uppi fótur og fit, - Amma mús er ekki mætt og finnst ekki, þrátt fyrir mikla leit! Þjóðleikhússtjóri var að búa sig undir að tilkynna áhorfendum að ekki gæti orðið af sýningu, þegar ég áttaði mig allt í einu á því, að þessar tvær litlu heiðursmýslur, amman og húsamúsinn, hittast aldrei á sviðinu og þar sem ég taldi mig kunna texta ömmunnar, gæti ég brugðið mér í gervi hennar, sem var gjörólíkt húsamúsinni og slegið tvær "mýs" í einu höggi! Þjóðleikhússtjóri hugsaði sig um andartak, en sló svo til. Ég flýtti mér í búninginn, sem passaði ágætlega, hripaði til öryggis textann að söng Ömmu músar aftan á pakkann, sem hún færir Marteini skógarmús, og spurði svo hvernig ég ætti að bera mig að við að "hefja mig til flugs". Vindurinn feykir jú Ömmu mús hátt í loft upp, eins og allir vita og bjargar henni þar með frá því að lenda í broddgaltarmaga. Þetta var auðvitað það allra mest spennandi við þetta allt saman, fannst mér! En þá var mér sagt að ég væri líklega þó nokkuð þyngri en hin venjulega Amma mús, og það væri enginn tími til að breyta þyngdinni á lóðunum í hífibúnaðinum - ég yrði bara að "feika" flugferðina, ef ég vildi lifa hana af! Sýningin hófst, ég lék, söng og "feikaði". Hin raunverulega amma var svo komin og tók við sínu hlutverki eftir hlé. Ég fékk fallegan blómvönd og engar kvartanir, en væntanlega hafa nú einhverjir litlir leikhúsgestir kafið fullorðna fólkið um svör á heimleiðinni! Í næstu uppfærslu á Dýrunum var ég orðin nógu ráðsett til að fá að leika Ömmu mús sjálfa, - og fékk að fljúga í alvörunni!

Skrifað árið 2000

Elva Ósk Ólafsdóttir

Leikari

"Hæ, Elva, bara alltaf verið að leika?" segir kunningi minn þegar ég rekst á hann á götu. Ég svara með sama hallærishætti: "Hæ, bara alltaf í boltanum?" Loksins er ég ekki lengur bara efnileg og nýútskrifuð leikkona, heldur telst orðið til þeirra sem hafa öðlast talsverða reynslu. Mín fyrsta minning um Þjóðleikhúsið er á frá þeim tíma sem ég var í inntökuprófum fyrir Leiklistarskóla Íslands árið 1985. Eina bjarta vörnótt hjólaði ég heim á leið upp Hverfisgötu, framhjá Þjóðleikhúsi Íslands. "Vá", hugsaði ég, "skyldi ég nokkurn tímann fá að starfa í þessu leyndardómsfulla húsi?" Ímusteri íslenskrar tungu, húsinu þar sem flestir af okkar allra bestu leikhúslíkamönnum starfa? Nú eru árin orðin næstum sautján frá því ég debúteraði, eða tók að mér mitt fyrsta hlutverk, í Þjóðleikhúsinu, en það var í Gauragangi árið 1993. Síðan þá hef ég starfað þar, þroskast og dafnað sem listamaður.

Sem betur fer eru umræður og deiluefni um leikhús óþrjótandi. Oft heyri ég þær raddir frá kollegum mínum sem ekki eru fastráðnir við leikhús, að listamaðurinn nærast ekki nema hann búi við óöryggi og ótryggar atvinnuhorfur. Ég er algerlega ósammála þessu viðhorfi og trúi því að þegar hlúð er að listamanni með krefjandi og nægum verkefnum, öðlist hann bæði reynslu og öryggi sem geri hann að betri listamanni. Jafnframt heyrast þær raddir að Þjóðleikhúsið ætti eingöngu að taka til sýninga klassísk og dramatísk verk, þar sem Þjóðleikhúsið er styrkt af ríkinu. Önnur leikhús þurfa að afla sér fjárstuðnings á annan hátt, og finnst mörgum þar af leiðandi að þau eigi að hafa einkarétt á svokölluðum "kassastykkjum". Þessu er ég einnig ósammála. Þjóðleikhús Íslands er, og á að vera, leikhús allra landsmanna, þar sem hver og einn getur fundið eitthvað við sitt hæfi.

Skrifað árið 2000

Anna Kristín Arngrímsdóttir

Leikari

Skömmu eftir að ég byrjaði að vinna hjá Þjóðleikhúsinu árið 1973 dreymdi mig draum sem vakti hjá mér skelfingu og vanlíðan:

Mig dreymdi að ég stóð framarlega á sviðinu og lék fyrir troðfullu húsi. Allt lék í lyndi þar til ég uppgötvaði að járnþjaldið var á leið niður. Ég hélt samt áfram að leika og reyndi að forða mér undan tjaldinu en það féll ofan á mig og klippti af mér hausinn sem rúllaði út í salinn.

Ég vaknaði upp í svitabaði og hugsaði með mér:

Jæja! Nú er ferlinum lokið!

Næstu vikur voru erfiðar. Ég kveið fyrir sýningum og áður en þær hófust kíkti ég upp undir járnþoppið. Þar kom að ég gerði mér ljóst að ég gæti ekki látið þetta kvelja mig nótt og dag og ákvað að túlka drauminn mér í hag. Það gerði ég. Og hér hef ég staðið síðan; hausinn á sínum stað og járnþoppið líka – en stöku sinnum gjói ég augunum upp á við.

Skrifað árið 2000

Páll Ragnarsson

Ljósahönnuður

Þjóðleikhús er musteri tungu hvernar þjóðar. Þar á listamaðurinn að njóta frelsis til að túlka helstu verk leikbókmenntanna þannig að þau nái til allra. Það opnar fyrir okkur nýjan heim með list hins lifandi orðs, með svipbrigðum, leikgervum og hinni myndrænu sýn sem veitir okkur nýjan skilning.

Ég var starfsmaður Þjóðleikhússins í fjörutíu ár. Ég hef vaxið með því, fylgst með því breytast og þróast um leið og ég óx sjálfur í starfi. Mikilvægi þess er ótvírætt fyrir mig persónulega – það er óhætt að segja að það hafi alið mig upp og mótað allt mitt starf hingað til.

Nú eru liðin sextíu ár frá því að hin langþráða stund rann upp: Þegar tjaldið var dregið frá í hinu nýja Þjóðleikhúsi í fyrsta sinn. Hvernig hefur svo til tekist? Að mínu mati hefur Þjóðleikhúsið alltaf haft og hefur enn innan sinna vébanda metnaðarfullt starfsfólk á heismælikvarða – að vísu er ég ef til vill hlutdrægur, en mér finnst það samt. Þessa fullyrðingu er þó auðvelt að styðja; því gegnum árin hef ég séð séð fjöldann allan af leiksýningum erlendis og borið þær saman við sýningarnar í leikhúsinu okkar, og það er sama hvar á er litið, alltaf kemst ég að þessari sömu niðurstöðu.

En hvað með bygginguna sjálfa og innviði hennar, hvernig er ástand hennar eftir sextíu ár? Fram til ársins 1989 sat eðlilegt viðhald og endurnýjun því miður á hakanum og stjórnvöld settu nánast enga fjármuni í verkið, eða allt þar til fyrsti áfangi endurreisnar hússins fór fram á árunum 1989–1991. Reyndar náði hann aðeins til aðalsalar, Kristalssalar, fjölnotasalar og endurnýjunar sviðslýsingar í fyrrnefndum aðalsal. Síðar bættist við annar áfangi í tíð núverandi leikhússtjóra, þar á meðal löngu tímabærar utanhússviðgerðir. Allar þessar framkvæmdir bera að þakka og virða.

En betur má ef duga skal. Brýnasta verkefnið sem nú stendur fyrir dyrum að mínu mati núna er endurbætur á leiksviðinu sjálfu, það er að segja stækkun hliðarsviðs, endurbætur á aðstöðu fyrir starfsfólk, nýtt flugkerfi fyrir leiksvið, nýr ljósa- og hljóðbúnaður, bygging tæknirýmis fyrir loftræstikerfi, og ýmsilegt fleira. Á okkar tímum hefur hönnun leikhúsa þróast mjög hratt og öll tækni gjörbreyst. Nægir að benda á áhrif tölvuvæðingar, sem hefur kollvarpað öllum stjórnþúnaði leikhúsa hvort heldur í lýsingu leiksýninga, hljóðstjórn, sviðsbúnaði eða öðrum þáttum sem tæknilega tengjast leiksýningum.

Það er von mín að hagur vænkist og hefjast megi handa á komandi árum við þessa brýnu hluti, og við getum haldið áfram að sjá Þjóðleikhúsið, musteri tungu okkar, halda áfram að þróast og dafna um ókomin ár.

Skrifað árið 2000

Jón Þórarinsson

Tónskáld

Úr bæ í borg

Þegar Þjóðleikhúsið opnaði þjóðinni töfraheima sína, á sumardaginn fyrsta 1950, hafði Sinfóníuhljómsveitin verið stofnuð nokkrum vikum fyrr. Hugmyndin um hana var í upphafi nátengd væntanlegu Þjóðleikhúsi og sjálfsgagt að hún legði sinn skerf til opnunarýningarinnar með flutningi á spánnýjum hátíðarforleik eftir Pál Ísólfsson og mikilli frumsaminni tónlist eftir Árna Björnsson við íburðarmikla sýningu á Nýjárnsnótt Indriða Einarssonar. Engin íslensk stofnun hefur vígst til þjónustu sinnar með viðlíka hátíðarbrag og Þjóðleikhúsið. Heimsókn Stokkhólmsóperunnar í júní um sumarið varð annar stórviðburður í menningarlífinu. Einnig þar átti hljómsveitin hlut að máli. Á frumsýningu á Brúðkaupi Fígarós gleymdi ég svo fullkomlega stað og stundu, að mér bókstaflega brá við að koma út á Hverfisgötuna en ekki leikhústorg í einhverri erlendri stórborg að sýningu lokinni. Ári síðar réðst Þjóðleikhúsið í að sýna óperuna Rígólettó eftir Verdi með íslenskum söngvurum að mestu, og að sjálfsgöðu enn með aðstoð Sinfóníuhljómsveitarinnar. Sú hugmynd þótti djarfleg, að ekki sé meira sagt, og sumir töldu hana hreint glapræði. En sýningin tókst frammar björtustu vonum og varð upphafið að umfangsmiklum og stundum glæsilegum óperuflutningi Þjóðleikhússins á næstu áratugum. Svo átti að heita að ég væri tónlistarráðunautur Þjóðleikhússins tvö fyrstu árin. Það reyndi sjaldan mikið á mig í því starfi. Guðlaugur Rósinkranz þjóðleikhússtjóri átti allan heiður af heimsókn Stokkhólms-óperunnar. En ég var á flestum sýningunum, oftast standandi á bak við sætaraðirnar á efri svölum, blandaði geði við gestina við ýmis tækifæri og loks dansaði ég við sænsku primadonnurnar á Lækjartorgi 17. júní. Hinsvegar átti ég hugmyndina að sýningunni á Rígólettó, með Guðmund Jónsson í titilhlutverkinu. Þótt ýmsum þætti hún óraunsæ, féllst þjóðleikhússtjóri fljótt á hana, gerði hana að sinni og kom henni fram þrátt fyrir andstöðu í þjóðleikhúsráði.

Þar sem ég var líka stjórnarformaður Sinfóníuhljómsveitarinnar á þessum árum fylgdist ég að sjálfsgöðu náði með öllu þessu, og það hefur að vonum orðið mér minnisstætt — eins og það varð líka mörgum öðrum sem fjær stóðu.

Það er mikill ljómi yfir minningunni um þessa atburði, meira en hálfra aldar gamla. Höfuðstaðurinn varð aldrei samur eftir, hann varð annar og meiri en fyrr. Á fáeinum vikum höfðu komist á legg tvær stofnanir sem síðan hafa verið merkisberar íslenskrar menningar, hvor á sínu sviði. Á nokkrum mánuðum varð ljóst hvers af þeim mátti vænta. Og íslenskir söngvarar sýndu svo að eftir var tekið hvað í þeim bjó. Kannski var það einmitt þarna sem Reykjavík breyttist úr bæ í borg.

Skrifað árið 2000

Margrét Guðmundsdóttir

Leikari

Árið 1960 vorum við að leika hér á Stóra sviði Þjóðleikhússins leikritið Tengdasonur óskast. Ég lék ungu stúlkuna og í einu atriðinu átti ég að borða egg í morgunverð inni á sviðinu. Eggið átti að vera komið inn á svið á bakka, en eitt sinn þegar ég er á leið inn á svið til að leika þetta atriði segir þóttarinn mér að það sé ekkert egg, af því að hvíslarinn sé búinn að borða það. Hann laumar að mér hráu egg í staðinn, sem ég neyddist til að svolgra í mig inni á sviðinu.

Á eftir spurði ég hvíslarann hversvegna í ósköpunum hún hefði borðað egg. Hún svaraði því til að hún hefði

verið svo hræðilega svöng, og hún hefði spurt brunavörðinn hvort hún mætti borða eggjð, og hann hefði sagt að það væri allt í lagi.

Skrifað árið 2000

Bessi Bjarnason

Leikari

Vorið 1978 var tvíleikurinn Á sama tíma að ári, sem við Margrét Guðmundsdóttir lékum, frumsýndur á Húsavík. Verkið var svo sýnt víða um land, alls 83 sinnum. Haustið eftir var það tekið upp á Stóra sviðinu og þegar sýningum lauk í desember 1979 höfðum við leikið alls 140 sýningar á verkinu.

Margs er að minnast frá sýningunum á þessu verki, og ég ætla að nefna hér tvær uppkomur sem áttu sér stað, sú fyrri á sýningu á Raufarhöfn en sú síðari hér í Þjóðleikhúsinu.

Í miðri sýningu á Raufarhöfn byrjaði einn áhorfandinn í salnum að syngja "O, solo mio!" fullum hálsi. Við leyfðum honum að syngja smástund, síðan var honum vísað út og við héldum sýningunni áfram. Eina skýringin sem við gátum fundið á þessu háttalagi mannsins var sú að hann hefði orðið svona heltekinn af rómantikinni í verkinu!

Eitt atriðið í sýningunni hófst þannig að þegar Margrét birtist átti ég að byrja að spila fallett verk á píanóið. En þar sem ég spila ekki á píanó þá var tónlistin flutt af bandi. Svo gerist það á einni sýningu hér í Þjóðleikhúsinu að Margrét birtist og ég set mig í stellingar og byrja að spila á píanóið, en í stað þess að píanóhljómar berist frá hljóðfærinu, þá fer síminn að hringja. Ég þurfti náttúrulega að bjarga málunum, og rauk upp og svaraði í símann. En um leið og ég tók upp símtólið byrjaði píanóið að spila! Eftir sýningu átti aldeilis að tala yfir hausamótunum á hljóðmanninum en hann hafði orðið svo hræddur að hann hafði látið sig hverfa út ásamt áhorfendum.

Skrifað árið 2000

Póra Friðriksdóttir

Leikari

Eitt af þeim hlutverkum sem mér hefur þótt hvað vænst um á ferlinum er Blanche Dubois í Sporvagninum Girnd. Sem leikari leggur maður sig fram um að gera hverju og einu hlutverki góð skil, en því er ekki að leyna að sum hlutverk tekur maður nær hjarta sér en önnur.

Blanche Dubois er flókin leikpersóna með mikla sálfræðilega dýpt, og það var ákaflega spennandi og gefandi að takast á við hana, en um leið erfitt. Hlutverkið tók mikið á, og ég minnst þess að eftir æfingar var ég oft úrvinda af þreytu, og þá ekki síður eftir sýningar. Að sýningum loknum var ég dauðþreytt en taugarnar voru jafnframt þandar til hins ýtrasta, þannig að ég náði ekki að sofna fyrr en langt var liðið á nótt.

Eftir því sem lengra líður á æfingar og maður kynnist betur persónunni sem maður á að túlka, fer maður að finna fyrir henni við hlið sér. Stundum finnur maður að persónan gengur við hliðina á manni, en samt nær maður henni ekki. Stundum nær maður henni aldrei, en þegar maður nær henni, þá er einsog hún skreppi inn í mann, og þá gerist eitthvað stórkostlegt. Þetta er mér sérstaklega minnisstætt í tilviki Blanche. Ég naut þess líka þá að hafa góða mótleikara, eins og Róbert Arnfinnsson og Erling Gíslason. Það skiptir gífurlega miklu máli hvernig sambandi maður nær við þá sem eru að leika með manni á æfingatímanum. Og það hvort maður nær góðu sambandi við fólk í leik, er svo nátengt því í hvernig sambandi maður er í við það sem manneskur. Það að æfa hlutverk er sálfræðileg vinna á tveimur plönnum; maður skapar tengsl bæði við persónuna og meðleikarana.

Það er misjafnt hvernig er að kveðja persónur. Stundum er maður jafnvel feginn að vera laus við þær, af því að maður hefur ekki tekið þær inn að hjartanu, en stundum er manni farið að þykja svo vænt um

persónurnar að maður sér eftir þeim í fleiri vikur. Persónur eins og Blanche Dubois í Sporvagninum Girnd, Nínu í Sólarferð eða Mary Tyrone í Dagleiðinni löngu inn í nótt átti ég erfitt með að kveðja, og hef jafnvel ekki kvatt að fullu enn.

Skrifað árið 2000

Guðrún Þ. Stephensen

Leikari

Lítill frásögn af lífinu utan sviðs og innan

Þegar ég hafði um skamma hríð verið fastráðinn leikari við Þjóðleikhúsið 1974-'75 var mér fengið það mikilvæga verkefni að leika Soffíu frænku í Kardemommubænum. Vissulega skemmtilegt og þó nokkuð vandmeðfarið hlutverk – vegna þess að Soffía má aldrei, aldrei verða geðvond kellsa. Textinn býður upp á það, en þá þarf leikkonan að leika á móti honum, það er að segja reyna bara að vera myndin í sínu stranga siðferðisrausi. Ákveðin og skemmtileg. Annars hefði hún nú tæplega játast Kasper ræningja og hann ekki beðið hennar – eða hvað? Jæja – nóg um það. Eins og margir vita háttar þannig til baksviðs í Þjóðleikhúsinu að leikarar sitja oftast í svonefndri hornstofu eða "græna herberginu", sem er rétt aftan við sviðsinngangana tvo og spjalla saman áður en að þeim kemur að fara inn á svið.

Skyldi það ekki hafa verið þennan umrædda sunnudag, sem fór fram í hornstofu sérdeilis spennandi umræða um sálina hvorki meira né minna. Flosi hafði kastað þeirri sprengju að hann hefði óyggjandi sannanir fyrir því að búið væri að staðsetja sálina í líkamanum. Hefði hann lesið þetta í ekki ómerkara riti en "Medical science". Átti hún – sálin altsvo – að búa í litlum kirtli bak við hægri herðablaðið. Flosi var alltaf að reyna að skrökva að okkur kvenfólkinu og tókst bara nokkuð vel upp í þetta sinn. Um þetta spunnust heitar umræður og stóðu sem hæst þegar gall við í hátalaranum "Guðrún í rúmið í hvelli. – Guðrún í rúmið". Ég vissi strax hvað til míns friðar heyrði – það er að segja að þarna myndi vera mætt harðsnúið lið ræningja – Kasper, Jesper og Jónatan, leiknir af elskulegu búnti stórleikara – Bessa, Þórhalli og Randver – til að ræna Soffíu í hengirúminu. Tilgangurinn var sá að fá húsverkin unnin. Nú, nú þeir komu bara að tómunum kofunum að þessu sinni – hengikojan tóm, Soffía að leysa lífsgátuna inni í hornstofu. – Um leið og ég heyrði örvæntingaróp sýningarstjórans, Guðjóns Inga, um að ég kæmi mér í rúmið, tók ég auðvitað sprettinn út allan gang, því að hús Soffíu var venjulega hinum megin á sviðinu í þessu atriði. En þegar ég var komin inn á svið ber svo við að ég bara finn ekkert Soffíuhús. Þvælist ég svo í myrkrinu aftast á sviðinu fram og aftur um allar götur þessa elskulega bæjar, Kardemommubæjar, þar til loks ég finn húsið. Hafði þá okkar ágæti sýningarstjóri snúið hringsviðinu, svo að ég ætti styttri leið í bólið. Allt leystist þetta semsagt farsælega, en aldrei gleymi ég þeirri umræðu sem upp úr þeim þremmingum rann, fremst á sviðinu, meðan á biðinni stóð. Það var óborganlegt. Bessi Bjarnason hefur nú aldrei átt erfitt með að spinna texta, ef á það reynir. Og víst er um það, að á þessari sýningu bættist við skemmtilegt atriði sem var sko ekki eftir snillinginn Thorbjörn Egner.

Skrifað árið 2000

Helga Bachmann

Leikari

Ég átti því láni að fagna að standa oft á leiksviði með eiginmanni mínum, Helga Skúlasyni, auk þess sem við unnum saman sem leikstjóri og leikari. Hann var það sem kalla má fyrirmyndarleikari, laus við alla tilgerð, allt varð svo náttúrulegt. Við vorum í hópi fyrstu fastráðnu leikaranna hjá Leikfélagi Reykjavíkur 1964 og vorum svo bæði ráðin til Þjóðleikhússins árið 1977. Af þeim leiksýningum sem við lékum í saman má nefna Fangana í Altona, en fyrir túlkun sína þá hlaut hann Silfurlampann, og Heddu Gabler, þar sem mér voru veitt sömu verðlaun. Ég minnst sérstaklega samvinnu okkar í Fjalla-Eyvindi, þar sem við lékum Kára og Höllu. Þetta verk er bæði fallett og grimmt, og það var stórkostlegt að fá að takast á við það í sameiningu, undir leikstjórn Gísla Halldórssonar.

Mig langar líka til að minnast samvinnu minnar við einn af leikstjórum Þjóðleikhússins, Svein Einarsson. Hann leikstýrði mér í nokkrum sýningum, meðal annars í Heddu Gabler hjá Leikfélagi Reykjavíkur og Oresteiu í Þjóðleikhúsinu. Það sem ég kunní sérstaklega að meta í fari hans sem leikstjóra var sú ró og hlýja sem fylgdi honum, og sú virðing sem hann auðsýndi leikurunum.
Skrifað árið 2000

Steinunn Jóhannesdóttir

Leikari og leikskáld

Borowski býr til búning

Ég var ung leikkona þegar Sveinn Einarsson þjóðleikhússtjóri réði tvo Rússa að leikhúsinu til þess að setja upp Náttbólíð eftir Maxím Gorkij. Leikstjórinn hét Vladimir Maximov Stritsjov frá Taskjent og leikmyndateiknarinn var David Borowski frá Takankaleikhúsinu í Moskvu. Borowski var nánasti samstarfsmaður Ljubimovs. Mennirnir tveir voru fyrstu "stóru" leikhúslistamennirnir sem ég komst í kynni við og þeir urðu mér ógleymanlegir, eins og sýningin sem þeir settu á fjalirnar.

Ég var sett í hlutverk götuduróssarinnar Nöstju, umkomulausrar ungrar konu sem gerð var út af smákrimma sem kallaður var Baróninn og ég sveiflaðist milli tilhlökkunar og kvíða frammi fyrir verkefninu. Öll samskipti milli leikaranna og Rússanna fóru fram í gegnum túlk, sem var Ingibjörg Haraldsdóttir skáld og þýðandi. Oft tókst henni að breyta langri og tilfinningaþrunginni ræðu leikstjórans í stutt og einföld tilmæli á sinn rólega hátt. Og innan skamms skapaðist óvenjulegt traust og gagnkvæmur skilningur milli þeirra og okkar þrátt fyrir tungumálhindrunina. Það varð einkennilega auðvelt að vinna með þessum mönnum.

Borowski gerði undurfagra leikmynd, byggða á kojunum í náttbólínu og einföldum fjalavegg. Og hann rissaði upp skemmtilegar skissur af gervum persónanna. Aldrei fékk ég búning sem mér fannst falla jafn vel að því hlutverki sem ég var að skapa og þann sem hann bjó til á mér með fáeinum handtökum fyrir framan stóra spegilinn á saumastofunni. Fanney forstöðukona hafði hleypt honum í búningageymsluna og hann hafði valið eitt og annað úr fyrri sýningum, meðal annars úr Fiðlaranum á þakinu. Hann bað mig að fara í milliblátt pils og rétti mér svo fallega brúnbleika blússu með dropamynstri sem Sigríður Þorvaldsdóttir hafði verið í í hlutverki Chövu. Ég var ansi fín. Þá tók hann í faldinn á pilsinu og reif upp í hann. Síðan sleit hann hnappana af blússunni einn af öðrum og aðra ermalíninguna og ég horfði á fötin slitna og verða fyrirverandi fín utan á mér. Svo spurði hann hvort ég væri til í að vera með brjóstin ber undir hnappalausri blússunni en ég færðist undan. Þá greip hann stóra og þvælda karlmannsnærskyrtu, víða í hálsmálið og handveginn og lét mig klæðast henni undir blússunni. Síðan rétti henn mér skælda stívélastó og sagði mér að vera berfætt í þeim. Svona átti Nastja að vera til fara. Að lokum fann hann jakkadruslu sem hann færði mig í og brá svo refaskinni um hálsinn á mér. Hann setti á mig hatt með fjöður og lét hann hallast út á skakk. Þetta var stúlka sem dreymdi rómatíska drauma um ástina og vildi vera fín. Þeir félagar höfðu þrjónað prólogus framan við sýninguna. Nastja var að koma heim í morgunsárið eftir næturvinnuna. Það var enn kveikt í áhorfendasalnum og leikhúsgestir sátu í hálförökri en það logaði á lampa yfir langa borðinu í náttbólínu. Nastja þrilaði upp á borðið og slökkti á lampanum. Ljósín fóru út í salnum, leiklýsing kom upp. Stúlkan fór aftur niður af borðinu, tók af sér hattinn, refaskinnið og fór úr jakkanum. Hún lagðist örþreytt í fletið sitt. Það var kominn dagur. Næturgestirnir risu upp í kojunum, losuðu lausar rúmbríkurarnar og fleygðu þeim í gólfíð með háum smelli. Nastja var farin að sofa. Sýningin var hafin.

Skrifað árið 2000

Pórhallur Sigurðsson

Leikari og leikstjóri

Strákur og stjórnur

"Undranna undur, furðulegast furðuverk." Þetta upphaf á söng klæðskerans í Fiðlaranum á þakinu klingir enn í kolli mér.

Fyrir rúmum fjörutíu árum stóð ungur leiklistarnemi á Stóra sviði Þjóðleikhússins fyrir framan 660 áhorfendur og hálfra Sinfóníuhljómsveitina í gryfjunni. Það var undranna undur að strákurinn skyldi fá stórt hlutverk í söngleiknum. Þjóðleikhússtjóri hafði ætlað vinsælasta gamanleikara þjóðarinnar hlutverkið, en erlendum leikstjóra fannst strákurinn passa betur í pasturslítinn klæðskerann.

Bessi varð fyrstur til þess að óska mér til hamingju með hnossið, hann var innilega glaður fyrir mína hönd og gaf mér góð ráð. Margt brölluðum við saman síðar.

Hann er stjarna.

"Sól rís, sól sest", sungu menn í brúðkaupi klæðskerans og elstu dóttur mjólkurpóstsins í Fiðlaranum. Það var ekki ónýtt veganesti ungum manni, að kvænast Kristbjörgu 92 sinnum og eiga hana svo að alla tíð síðan.

Hún er stjarna.

Og svo allar hinar stjórnurnar: Gunnar, Róbert, Rúrik, Árni, Þóra, Margrét, Bryndís, Sigríður, Herdís, Guðrún Þ., Helgi, Helga, Briet, Erlingur, Guðbjörg, Valur, Gísli Al., Gísli H., Flosi, Baldvin, Brynja og Benedikt.

Kornungur þekkti strákurinn þær allar af röddunum í útvarpinu.

Hann fékk seinna að þeysast með þeim ótal ferðir á vetrarbrautum leikhússins, þar sem ferðalokin eru alltaf jafn skemmtilega óráðin þegar lagt er af stað.

Skrifað árið 2000

Porkell Sigurbjörnsson

Tónskáld

Minning frá júní 1964

Ég hafði samið kammeróperu fyrir Listamannaping – og ákvörðun um það hafði verið tekin um áramótin, bæði um samningu og uppsetningu verksins eftir hálf t. Það voru því hraðar hendur á flugi, þegar komið var fram á góu. Einsöngvarar æfðir heima, höfundur hamrandi á píanóið. Jón Ásgeirsson æfði ad hoc kór áhugafólks uppi í Kennaraskóla. Eftir miðjan maí fengum við inni hjá Dagsbrún – og þá kom snilld leikstjórans, Helga Skúlasonar skýr fram. Hann kallaði þetta "pússluspil í plássleysi" – enda vissum við þá, að það fengist aðeins EIN aðalæfing á sviði Þjóðleikhússins að morgni frumsýningardagsins! Leiktjöld eða muni sá enginn fyrr en Magnús, blessaður, Pálsson fór að bera þetta inn á sviðið þennan sama morgun: glugga, garðkönnu, pappírslóm, grænmálaða gúmmihanska og gaskút. Þetta smell allt saman á fyrstu og einustu sýningunni. Við sluppum öll með skrekkinn.

Skrifað árið 2000

Lilja Guðrún Þorvaldsdóttir

Leikari

Það er jafnt talað um hinn harða heim leikhússins og hvað það hljóti að vera gaman að vera leikari, víst er þetta harður heimur og víst er gaman að vera leikari ekki síst þegar vel gengur. Og sífellt kveða við orðatiltækin "Allt fyrir listina", "Lífið fyrir leikhúsið" þegar talað er um leikhúsið og "The show must go on".

Mitt fyrsta hlutverk hér í Þjóðleikhúsinu var í nýju íslensku verki, Stundarfriði, sem vakti svo mikla athygli að leikhúsinu bárust tilboð um að koma með sýninguna á leiklistarhátíðir víða um heim. Því var ákveðið að byrja þriðja sýningarleikár verksins með því að fara í eina langa ferð og þiggja boð á þrjár hátíðar í einu í Belgrad, Helsinki og Stokkhólmi. Þó ég hafi farið á fleiri hátíðir með Stundarfrið og seinna aðrar sýningar er þessi ferð mér eftirminnilegust vegna þess að kvöldið sem ég kvaddi og hélt af stað sem fulltrúi Íslands í mína fyrstu ferð á Leiklistarhátíð kvaddi móður mín þennan heim og lagði upp í sína hinstu ferð. Við höldum svo að segja samtímis á vit nýrra heima á áður ókunnar slóðir. Ferðalag mitt sem nokkrum tímum áður hafði verið beðið með tilhlökkun og eftirvæntingu af okkur mæðgum, mér, móður minni og dóttur, breyttist nú í sáran viðskilnað við ljúfa móður sem nú var látin og litla fjögra ára dóttur sem grét sáran. Það var erfiður viðskilnaður fyrir unga einstæða móður og leikkonu að leggja land undir fót við þessar kringumstæður, en "the show must go on". Stundarfriði hafði verið boðið að taka þátt í alþjóðlegri leiklistarhátíð í Belgrad og leikstjórinn Stefán Baldursson ásamt höfundu, meðleikurum mínum og tæknifólki hafði farið á undan mér út þar sem ég var upptekin hér við frumsýningu á nýju íslensku verki, (lék fyrstu þrjár sýningarnar svo tók önnur leikkona við meðan ég var úti), Þannig að út varð ég að fara, annað kom ekki til greina. "The show must go on", og út fór ég. Sveinn Einarsson þáverandi þjóðleikhússtjóri var sem betur fer samferða mér út, flugið var langt og við þurftum oft að millilenda og eftir eins og hálf sólarhrings hvíldarlaust ferðalag komum við loks til Belgrad þar sem félagar mínir tóku á móti okkur hvert öðru yndislega. Ég fór í gegnum þessa löngu sýningarferð sem væri ég stödd í erfiðum draumi, sem gekk á með martröðum. Ég komst þó klakklaut í gegnum þá þraut að standa mig á sviðinu kvöld eftir kvöld með fullan sal af áhorfendum sem ekki skildu orð í íslensku en skoðuðu því enn betur hátt okkar og fas, lásu í svipbrigði okkar eins og við lesum í texta til að skilja hvað fram fer og átt er við. Ég hugsaði um það eitt að standa mig, að bregðast ekki leikhúsinu mínu sem hafði treyst mér í þessa ferð. Þegar við vorum að hefja okkar fyrstu sýningu í Belgrad og ég og Þorsteinn Ö. Stephenen sátum hlið við hlið í myrkrinu inni á sviði og biðum þess að tjaldið færi frá hljómaði allt í einu íslenski þjóðsöngurinn. Áhorfendur risu á fætur, við stóðum líka upp og Þorsteinn tók ofan hatt sinn og rétti mér hlýja og verndandi hönd sína sem ég var fljót að grípa í. Þetta var svo falleg og hátíðleg stund þar sem við stóðum þarna hönd í hönd í myrkrinu og hlustuðum á íslenska þjóðsönginn að tárin trilluðu niður kinnar mínar. Þetta er ein mín stærsta og fegursta stund á vettvangi leikhússins, svo hátíðleg og ólýsanleg tilfinning sem kviknar við að heyra áhorfendur rísa á fætur til að hlýða á íslenska þjóðsönginn sem fluttur var vegna veru minnar og félaga minna, að standa þarna og vita að við vorum að koma fram fyrir Íslands hönd á alþjóðavettvangi gerði mig bæði stolta og glaða og ég óskaði þess að íslenska þjóðin yrði jafn stolt og ég af afrekum Þjóðleikhússins okkar, ekki síst þegar við vorum svo valin besta sýningin á hátíðinni. Þessi ferð var því ein sigurganga Þjóðleikhússins. Því í Helsinki var okkur líka fagnað og eftir sýningu okkar í Stokkhólmi mátti meðal annars sjá flennistórar fyrirsagnir í Stokkhólmsblöðunum: "Ljósíð kemur frá Íslandi". En er heim kom og ég hélt á dóttur minni aftur í fangi mér blasti raunveruleikinn við á ný, búið var að jarðsetja móður mína og öll systkini mín farin til síns heima en þau bjuggu öll úti á landi á þessum tíma. Enginn var því heima til að hlusta á ferðasögu mína til að gleðjast með mér yfir þeim stórkostlegu stundum sem ég hafði upplifað. Það er ekki fyrr en nú, 22 árum síðar, að ég geri mér grein fyrir að ég hef aldrei talað um þetta, hvorki sorgina við fráfall móður minnar né gleðina yfir að hafa verið þátttakandi í frægðarför Þjóðleikhúss okkar Íslendinga á alþjóðavettvangi.

"The show must go on". Þannig er hinn harði heimur leikhússins.

Öðruvísi gengur það ekki.

Skrifað árið 2000

Herdís Þorvaldsdóttir

leikkona

Haustið 1949 voru ráðnir 16 leikara að Þjóðleikhúsinu, sem þá var fyrsta atvinnuleikhús á Íslandi.

Ég var svo heppin að vera ein af þeim og hef því haft tækifæri til að fylgjast með þessu ævintýri frá byrjun. Guðlaugur Rósinkrans skólastjóri Iðnskólans og formaður Norrænafélagsins var ráðinn Þjóðleikhússtjóri. Það voru ekki allir sáttir við þá ráðstöfun. Guðlaugur var ekki háskólagenginn, en hafði sýnt leiklist mikinn áhuga, til dæmis gekkst hann fyrir því sem formaður Norrænafélagsins í samvinnu við LR að Anna Borg og Paul Raumert voru fengin frá Danmörku til að koma hingað og leika sem gestir í Dauðadansinum eftir Strindberg og var það ógleymanlegt þeim sem sáu. Guðlaugur sótti það fast að fá Þjóðleikhússtjórastöðuna og hafði góð sambönd innan framsóknarfloksins og margir álitu að pólitík hefði verið með í spilinu. Ekki treysti ég mér til að dæma um það hvað hefði verið best fyrir leikhúsið á þessum tíma, vafalaut hefur oft verið erfitt fyrir hann að taka ákvarðanir, þar sem hann hafði litla þekkingu á leikhússrekstri.

Ég ætla að rifja upp það sem ég álit á hann hafi gert vel og það svo að fáir hefðu leikið eftir. Það er sjálfsagt að minnst þess sem var jákvætt á hans á tuttugu ára starfsferli, nóg var af því neikvæða. Guðlaugur vildi setja upp söngleikinn *My fair lady*. Það fannst mörgum algjört glapræði, það yrði svo dýrt. Þrátt fyrir hrakspár hélt hann sínu striki af óbilandi bjartsýni og veðsetti húsið sitt fyrir láni upp í kostnað. Þar vann hann mikinn sigur, því sýningin gekk mjög vel og skilaði ágóða.

Annar sigur vann hann strax á öðru ári, þegar hann af ódrepani metnaði fyrir hönd leikhússins fékk þá hugmynd að setja upp óperu. Nú var álituð að maðurinn væri með stórmennskubrjalæði að láta sér detta þvílíka fjarstæðu í hug, en hann lét sig ekki. Með hjálp doktor Urbanshich sem stjórnaði hljómsveitinni og fleiri tónlistarmanna réði hann þýskan leikstjóra, pantaði Stefán Ó. Íslandi frá Danmörku til að syngja aðahlutverkið og yndislega söngkonu frá Þýskalandi í hlutverk *Gildu* og síðast en ekki síst Guðmund Jónsson til að syngja titilhlutverkið, sjálfan *Rigoletto*. Það er skemmst frá því að segja að þetta var stórsigur fyrir alla aðstandendur. Það má segja að Guðlaugur hafi brotið ísinn fyrir óperuflutning á Íslandi. Það sem mér er minnisstæðast frá þessum árum er áhugi og áræði Guðlaugs að fá hingað heimspekkta listamenn utan úr heimi. Við höfðum verið innilokuð öll stríðsárin, ekki verið í sambandi við neina útlenda list og eftir stríðið, þessi fimm ár sem liðu frá því að leikhúsið opnaði, var Evrópa í sárum og ferðir til Bandaríkjanna mjög dýrar og þar á ofan var til svo lítill gjaldeyrir í landinu að ekki var farandi til útlanda, nema geta keypt sér viðbót á svörtum markaði.

Á þessum árum þurftu vélar frá Evrópu til Ameríku að millilenda á Keflavík og Guðlaugi tókst að notfæra sér það og fylgdist með þegar hópar af listafólki fóru á milli með sýningar og samdi þá við þá að stoppa í tvo til þrjú daga á Íslandi og sýna í Þjóðleikhúsinu. Þetta var okkur ómetanlegt, hann bókstaflega opnaði okkur glugga út í heim og við fengum að sjá margt af því besta sem var að gerast í öðrum heimsálfum. Sænska, Þýska og finnska óperan komu með sýningar, Robinsbalettinn frá Bandaríkjunum og Guldbergsbalettinn frá Svíþjóð, Kínverjar og Japanir og svo mætti lengi telja. Engin leið hefði verið að eltast við þessar sýningar á þessum tíma út um allan heim.

Þetta finnst mér ekki hafa verið þakkað sem vert sé og þess vegna vil ég minnst þessa í afmælisriti Þjóðleikhússins. Það verður hver að eiga það sem hann á og Guðlaugur Rósinkrans hafði sína kosti, en þurfti að berjast til að fá viðurkenningu menningarpostulanna. Jafnvel sigrar hans voru kallaðir glópalán af gárungum. Í mínum augum var hann hetja.

Síðast starfaði ég með þrem öðrum leikhússtjórum gegnum árin sem höfuð hver sína áherslu sem gáfu leikhúsinu mismunandi víddir.

Skrifað árið 2000